

Sannleikurinn um hagstæð kaup lífeyrissjóðanna

Eftir Hrafn Magnússon

Vigdís Hauksdóttir alþingismaður varpar fram spurningum til undirritaðs í grein sinni í Morgunblaðinu 17. nóvember sl. varðandi kaup lífeyrissjóðanna á ríkistryggðum skuldabréfum af ríkissjóði með milligöngu Seðlabanka Íslands. Þingmaðurinn spyr hvers vegna Seðlabanki Íslands hafi ekki séð ástæðu til þess að bjóða ríkistryggðu bréfin út á sama hátt og gera á með aðra eignasölu á vegum ríkissjóðs.

Það gefur augaleið að þessari spurningu ætti hún að beina til Seðlabankans frekar en til undirritaðs. Lesendum til glöggvunar má rifja upp hluta af svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar á Alþingi þar sem hún spurð fyrir um kaup íslenska ríkisins á skuldabréfunum en þar segir: „Viðskiptin fóru fram á kjörum sem eru mjög hagstæð fyrir ríkissjóð. Með samkomulaginu í Lúxemborg náðist að lækka skuldastöðu þjóðarbúsins um meira en



Hrafn Magnússon

3,5%, erlendar krónueignir lækkuðu um fjórðung og grunnur var settur fyrir viðskiptin við lífeyrissjóðina sem jók gjaldryrisforðann um 17%. Ekkert fé tapaðist vegna þessara viðskipta.“

Það er langt í frá sjálfgefið að ávöxtun þeirra erlendu verðbréfa sem lífeyrissjóðirnir seldu til að fjármagna kaupin á

ríkissbréfunum verði hærrí í framtíðinni en sú ávöxtun sem lífeyrissjóðirnir hafa nú fest sér með kaupum ríkistryggðu bréfanna til margra ára. En undirritaður tekur undir viðhorf þingmannsins sem endurspeglast í mikilvægi áhættudreifðra eigna lífeyrissjóðanna.

Á grundvelli reynslunnar af hruni fjármálakerfisins og innlends hlutabréfamarkaðar á árinu 2008 tel ég mikilvægt að hugað verði að endurskoðun fjárfestingakafila lífeyrissjóðslaganna. Viðmið um hámarkshlutfall erlendra eigna verði endurskoðað og breytt í lágmarksviðmið. Þannig verði lífeyrissjóðirnir lagalega skyldaðir til þess að

» Það er staðreynd að lífeyrissjóðirnir 26 sem bréfin keyptu gerðu þarna góð kaup. Það er mergur málsins.

fjárfesta erlendis sem nemur tilteknu lágmarki heildareigna þegar aðstæður til fjármagnshreyfinga skapast á nýjan leik, samfara aflettingu gjaldryrishaftra Það er staðreynd að lífeyrissjóðirnir 26 sem bréfin keyptu gerðu þarna góð kaup. Gildir þá einu hvort miðað er við 7,2% kaupávöxtunarkröfu skuldabréfanna eða horft til allands gengis í viðskiptum með erlenda gjaldmiðla lífeyrissjóðanna. Þetta er mergur málsins.

Spurningu þingmannsins um hvort þetta hafi verið eðlileg ráðstöfun fjármuna lífeyrissjóðanna svara ég hiklaust játandi enda ljóst að Landssamtök lífeyrissjóða hefðu aldrei komið að þessum viðskiptum ef samtökin teldu þau óeðlileg.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

